

1873.

23. maí.

5. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis viðvíkjandi styrk til kennslu í sjómannafræði á Íslandi, verður lagt fyrir alþingi, sem nú fer í hönd, frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómanna-skóla á Íslandi.

6. Að því leyti, er snertir styrk þann til forngripasafnsins í Reykjavík, sem alþingi hefir beðið um, skal vísað til áætlunar um tekjur og útgjöld Íslands fyrir 1873, 7. gr., C., III., sem Ver allramildilegast höfum staðfest, og má þar sjá, að tilteknir eru á nefndri áætlun 200 rd. til tæðs augnamiðs.

7. Þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun lagaskóla á Íslandi m. m. hefir ekki orðið veitt áheyrsla, og skal í því tilliti vísað til þess, sem fulltrúi Vor samkvæmt konunglegri auglýsing 22. maí 1871 hefir skýrt alþingi frá á fundinum s. á. viðvíkjandi bænarskrá frá þinginu 1869, um hið sama.

Að því, er að endingu snertir mál það, sem rædt er um í konunglegri auglýsing 22. maí 1871, II., 12., að koma á gufuskipsferðum kringum strendur Íslands, skal þess getið, að nefnd sú, sem sett var til þess að búa þetta mál undir, reyndar fyrir löngu hefir lokið starfa þeim, sem henni var falinn á hendur, en hvorki með því, sem komið er frá nefndinni, nè með öðru móti hefir fengizt nein sú undirstaða, til þess að koma máli þessu fyrir á haganlegan hátt, að nokkur uppástunga um það hafi orðið lögð fyrir alþingi.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Ver sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúá alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til þess að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók.

23. maí.

Í bræfi, dagsettu 12. f. m., hafið þér, herra landshöfðingi,

1873.

23. maí.

skýrt frá, að þær samkvæmt tilmælum stiptsyfirvaldanna uppá væntanlegt samþykki stjórnarráðsins hafði látið greiða úr jarðabókarsjóðnum styrk þann, sem cand. theologiæ Eiríki Briem var veitt loforð fyrir með bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 8. febrúar 1870¹ fyrir útleggingu á riti eptir *Dr. F. G. Lisco*, sem heitir *den kristelig apostoliske Troesbekjendelse*, og er skólameistari við hinn lærða skóla, Jens Sigurðsson, hafði látið sér lynda, hvernig frá útleggungunni var gengið, — en hún er 16 arkir að stærð, og styrkurinn 12 rd. fyrir hverja örk — hafði þær nú mælt til, að stjórnarráðið samþykki, að upphæðin öll, sem er 192 rd., verði greidd af því fæ, sem á þessu reikningsári er ætlað til óvissra útgjalda.

Útaf þessu skal yður tilkynnt, að stjórnarráðið fellst á ráðstafanir yðar í þessu máli.

23. maí.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skemmdir á eggvarpi í Grundarfirði².

Eptir að það var orðið uppvíst við próf, sem haldið var við lögreglurétt Snæfellsness og Hnappadalssýslu, að fimm skipverjar af skipinu *Marie Desirée S. B. Nr. 28* frá *Porteux*, sem skipstjórnarmaður *Giquel* ræði fyrir, hafi einusinni sumarið 1870 gengið á land í Melrakkaey í Grundarfirði, sem heyrir Setbergs prestakalli til, skemmt það æðarvarpið og rænt úr því, mæltist dómsmálastjórnin til við utanríkisstjórnina, að hún vildi leitast til um, að spillvirkjar þessar yrði dregnir fyrir dóm úti á Frakklandi og þeim hegnt fyrir verkið. Frá tæðu stjórnarráði höfum vèr nú fengið bréf, sem hinn frakkneski utanríkisstjórnar-ráðherra hefir skrifað hinum konunglega sendiherra í Paris, og fylgir með því útskrípt af bréfaskríptum yfirvalda á Frakklandi og rann-

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 5.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 253.